



Haustþing Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldið á Hallormsstað 26. og 27. september 2024

Fimmtudagur 26. september

Kl. 9:30 - 10:00 Mæting og afhending fundargagna.

Kl. 10:00 Setning haustþings

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA, setti haustþingið og bauð gesti velkomna á sjötta haustþing SSA sem haldið var í Hallormsstað. Hún fór yfir kjörbréf og heildaratkvæði sem skiptast á milli sveitarfélaga. Þau skiptust þannig að 8 fulltrúar Fjarðarbyggðar voru mættir og 1 væntanlegur. Fulltrúar frá Múlaþingi voru 10. Fulltrúar Fljótsdalshrepps voru 3. Fulltrúar Vopnafjarðarhrepps voru 5. Atkvæði hvers sveitarfélags skiptust milli þessara fulltrúa.

Formaður gerði því næst tillögu um fundarstjóra og þingritara. Hún lagði til að Björn Ingimarsson og Aron Thorarensen yrðu fundarstjórar og lagði til að fundarritarar væru Óðinn Gunnar Óðinsson og Sigrún Hólm Þórleifsdóttir. Fundargestir klöppuðu fyrir því. Að því loknu afhenti hún fundarstjóra, Birni Ingimarssyni, sem tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri fór yfir boð fundarins. Fundurinn var boðaður til sveitarfélaganna fjórum vikum fyrir fund, dagskrá var send út 10 dögum fyrir fund og fundurinn telst því löglega boðaður. Enginn andmælti því og fundurinn því lýstur lögmætur.

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag dagskrár og sagði jafnframt frá breytingum á auglýstri dagskrá. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, þurfti að afboða komu sína en til stóð að undirritaður yrði samningur milli mennta- og barnamálaráðuneytis og SSA um ráðningu verkefnastjóra farsældarmála á Austurlandi. Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, yrði með erindi á þeim tíma er ætlaður var ráðherra. Þá kynnti fundarstjóri fundarmönnum að ávarpi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra yrði frestað fram á kvöld.

Því nær kynnti hann Berglindi Hörpu Svavarsdóttur, formann SSA, í pontu. Í ræðu hennar kom eftirfarandi fram:

Hún þakkaði ráðherrum og þingmönnum kjördæmisins sérstaklega fyrir að mæta á þingið og sagði m.a.: „Það er ekki sjálfgefið að þið getið gefið ykkur tíma á þennan viðburð okkar svo ég færi ykkur hér innilegar þakkir því það er okkur gríðarlega mikilvægt að hafa ykkur hér.“

Í ræðunni ítrekaði hún mikilvægi haustþingsins, sem nú er haldið í sjötta sinn, og að það sendi frá sér skýr skilaboð til stjórnvalda. Hún gerði að umtalsefni þann málflutning sem SSA hefur viðhaft undanfarið ár. Vakín hefur verið athygli á þeim tekjum sem verða til á Austurlandi vegna mikils vöruútflutnings og vísaði þar til þeirrar greiningarvinnu sem SSA lét ráðgjafafyrirtækið Analytica og Austurbrú vinna í fyrra. Í þeirri greinargerð kom fram að um fjórðungur vöruútflutningstekna Íslands verða til vegna atvinnustarfsemi á Austurlandi en fjármunirnir skila sér ekki austur í innviðauppgjöngu.

„Ef það eru ekki stefnumótandi gögn og skýr skilaboð, er það í raun tengt fjölda þingmanna af svæðinu? Eða íbúafjölda?“

Er það hamlandi að vera einungis tæp 3% af íbúafjölda hér á landi?

Er enginn þungi í þeim rökum að um 3% landsmanna á Austurlandi skapi um fjórðung útflutningsverðmæta landsins?“ spurði formaður og minntist jafnframt á hugmyndir um jöfnunarákvæði þingmanna sem telur að geti mögulega dregið úr „aflí landsbyggðarinnar“ eins og hún orðaði það og sagði enn fremur:

„Þar sér hver maður, almenningur sem og þingmenn og ráðherrar, hversu mikilvægt Austurland er með þá verðmætasköpun sem fer fram í landshlutanum. Ríkið þarf á þeim mikilvæga hluta af verðmætasköpun að halda til að hægt sé að fjárfesta í allri þeirri samneyslu og uppbyggingu sem við viljum öll að sé myndarlega staðið að hér á landi.“

Byggt á þeim rökum hlýtur því að vera mikilvægt að fjárfesta í Austurlandi til að tryggja áframhaldandi og enn frekari verðmætasköpun.“

Berglind sagði Austurland vera í mikilli innviðaskuld og sagði það áhyggjuefni að samgönguáætlun hefði ekki verið afgreidd í vor eins og til stóð. Mikilvægar alhliða samgöngubætur verða að koma til framkvæmda, það er öllum Austfirðingum í huga.

Þá talaði hún um tæknibreytingar á síðustu árum s.s. netið og hvernig þær hafa jafnað aðgengi að ýmis konar þjónustu óháð búsetu og um mikilvægi landsbyggðarinnar. Þrátt fyrir möguleika tækninnar þurfa íbúar Austurlands engu að síður að sækja mikla sérhæfða þjónustu og menntun á Suðvesturhornið með afar dýru innanlandsflugi. Í þessu samhengi ræddi hún gjaldtöku á

Egilsstaðaflugvelli sem hún kallaði „landsbyggðarskatt“. Hún hvatti ráðamenn til að beita sér gegn þessari mismunun og nefndi nýjar tillögur.

Berglind gerði að umtalsefni þau miklu áföll sem dunið hafa á Austfirðingum undanfarið og sagði:

„Íbúar hafa upplifað endurtekin áföll og mikla sorg með stuttum millibilum. Samfélagið er slegið, sorgmætt, stendur saman og syrgir þá atburði sem hafa gerst í okkar litla samfélagi. Geðheilbrigðismál eru okkur því efst í huga sem birtist einnig í ályktun okkar sem verður lögð fram hér á Haustþingi okkar. Mat okkar er að stórefla þurfi aðgengi barna og ungmenna að geðheilbrigðisþjónustu hér á Austurlandi.“

Í framhaldinu sagði hún frá kjarnanum í þeirri tillögu að ályktun sem liggur fyrir þinginu. Stjórn SSA leggi til að þingið sendi frá sér skýr skilaboð um gjaldtökuna á Egilsstaðaflugvelli, samgöngumál, styrkingu tekjustofna sveitarfélaga og framleiðslu grænnar orku á Austurlandi.

Að lokum sagði hún:

„Aðrar ályktanir sem liggja hér fyrir haustþingi varða landsbyggðarskattinn með gjaldskyldu á Egilsstaðaflugvelli, ásamt mikilvægum samgöngubótum. Einnig eru ályktanir þar um styrkingu tekjustofna sveitarfélaganna, með tekjum af orkumannvirkjum, ferðaþjónustu, fiskeldi og sjávarútvegi. Að tekjurnar skili sér þangað sem verðmætasköpunin fer fram. Tryggja þarf einnig næga orkuframleiðslu grænnar orku á Austurlandi. Að atvinnulífið sem og íbúar búi ekki við ótrygga orku og við hjálpumst þannig að við að vinna að markmiðum stjórnvalda varðandi mikilvæg orkuskipti og loftslagsmál.“

Kæru fundarmenn.

Ég hef gegnt formennsku SSA í að verða tvö ár. Á þeim tíma höfum við lagt áherslu á að nýta vettvang SSA til að senda einföld og skýr skilaboð og hér höldum við því áfram. Við höfum minnt á þá framtíðarsýn sem finna má í Svæðisskipulaginu þar sem Austfirðingar tala sem ein rödd í málum er varða atvinnulíf, samgöngur, menningu, umhverfi og samfélag.

Svæðisskipulag Austurlands hefur vakið athygli um land allt og það sama má segja um efnahagsgreininguna sem við fengum ráðgjafafyrirtækið Analytica og Austurbrú til að vinna fyrir okkur í fyrra.

Stjórn SSA hefur byggt á þessum gögnum og sent skýr og einföld skilaboð:

Það borgar sig fyrir ríkissjóð að fjárfesta í innviðum á Austurlandi!



Öflug og alhliða innviðauppbýgging á Austurlandi mun leysa enn frekar úr læðingi þann kraft sem býr í íbúum og fyrirtækjum þessa landshluta. Fyrirtækjum sem framleiða fjórðung af vöruútflutningstekjum Íslands.

Á eftir munum við ræða ályktun haustþingsins. Hún mun taka á þessum málum sem ég hef gert hér að umtalsefni. Í ályktun okkar koma ekki fram neinar ósanngjarnar kröfur. Ég fullyrði að þessi landshluti ætti ekki í neinum erfiðleikum með að framfleyta sér sjálfur ef fjárfestingar í innviðum væru í einhverju samræmi við þær tekjur sem Austurland aflar fyrir íslenskt þjóðarbú.

Ályktunin tekur á okkar brýnustu hagsmunum eins og þeir eru í dag og hafa verið á síðustu árum og áratugum raunar. Og ályktunin sýnir að SSA hlustar á samfélagið. Við heyrum áhyggjur fólks og við ætlum að bregðast við þeim.

Notum þennan vettvang og sýnum að þegar á reynir stöndum við saman.

Takk fyrir mig.“

Fundarstjóri bauð þar næst Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur, matvælaráðherra, að stíga í pontu og ávarpa fundinn.

Kl. 10:20 Ávarp Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, matvælaráðherra

Bjarkey þakkaði fyrir tækifærið að fá að eiga samtalið við kjörna fulltrúa á Austurlandi. Það mætti telja á fingrum annarrar handar þau þing sem hún hefði ekki sótt síðan hún settist á þing. Hún nefndi áföllin sem dunið hafa á Austfirðinga og hvatti fólk til að taka utan um hvert annað og sýna kærleika.

Hún sagðist vita að mörgum finnst hlutirnir ganga hægt en að þannig sé lýðræðið. Hún sagði að þingmenn kjördæmisins hefðu reynt að koma málefnum í gegn, nefndi bílastæðamál Isavia og þau náðu að koma í gegn breytingu þó það hafi ekki alveg verið afnumið.

Á sviði matvælaráðherra séu verkefni sem snerta marga s.s. landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn. Hún vill setja mark á málaflokkinn og fyrir sitt kjördæmi. Atvinnumál séu byggðarmál. Hún segir að fólk þér sé að gæta ólíkra hagsmuna og þarfirnar ólíkar þrátt fyrir að stutt sé á milli byggðarlaga. Atvinnustig á Austurlandi sé frekar hátt. Samgöngur hafi batnað þó það sé hægt þá erum við í auknu mæli að horfa á Austurland sem eitt atvinnusvæði. Þetta sé jákvæð þróun á svæðinu, því uppbygging á einum stað leiði af sér jákvæða þróun fyrir önnur svæði. Hún nefndi Fjarðabyggð sem hefur verið eitt tekjuhæsta sveitarfélag síðustu ár. Svæðin í kring njóta, sagði Bjarkey. Fjölbreytni í atvinnulífinu skipti máli því „við viljum ekki setja öll eggin í sömu körfuna.“

Hún minntist á málþingið Öflugra Austurland sem haldið var í maí 2023. Hún muni enn umræðuna þar um störf án staðsetninga. Hættan sé sú að fólk tekur störfina með sér þegar það mögulega flytur aftur til höfuðborgarsvæðisins. Þetta geti haft áhrif á byggðapróun. Tækifærin felist í opinberum störfum á landsbyggðinni og það eigi að tala um störf með staðsetningu. Hlutverk okkar sem starfa í pólitík sé að styðja við fólk sem vill starfa í heimabyggð og við þurfum að gera betur í að festa opinber störf um land allt. Ef sveitarfélög eða aðrir aðilar hafi hug á því að sækja opinber störf þá sé hægt að fá stuðning frá ríkinu.

Fleiri stoðir atvinnulífsins séu undir og það þarf m.a. að tryggja aðgengi að ferðapjónustu. Byggðapróun og atvinnulíf á Austurlandi verði öflugra og hún vilji gera sitt að stuðla að þeirri þróun. Hún sagðist hafa skoða gögn frá SSA og séð að það eru mikil efnahagssumsvif á staðnum og stór hluti vegna útflutnings á eldislaxi og það sé mikilvægt. Þau sem búa í dreifðum byggðum telji sig ekki njóta gæða í samræmi við sitt framlag.

Hún sagði mikilvægt að fólk skipti sér ekki upp í fylkingar, „við og hin“. Stefnt sé á að leggja til frumvarp um hækkun veiðigjalda. Með því sé stefnt á aukna ábyrgð og samkeppni á markaðnum. Ábyrg auðlindanýting og tryggt að sameiginleg auðlind fari til allra. Efla þurfi traust og ábyrgð sjávarútvegsins. Sjávarútvegur þurfi að starfa í sátt við samfélagið til að geta stundað sjálfbærar veiðar. Til langs tíma hafi sjálfbærar veiðar verið settar í forgang og náðst hafi árangur með fiskistofna sem áður voru í hættu. Ísland hafi verið ein fremsta fiskipjóð heims og svo muni verða áfram. Nýsköpun geti leitt til háþróunar verðmæta í þessum geira sem öðrum. Umgengni við náttúruna og ábyrg veiði skipti miklu máli upp á lífríki sjávar og að hægt sé að skapa verðmæti í sátt við náttúruna. Hún muni einnig leggja til frumvarp um verndun hafsvæða í vetur. Mikilvægt sé að horfa á þetta heildstætt, strandveiðisjómenn, grásleppukarlar, útgerðin, hafnirnar o.fl.

Strandveiðin hafi blásið lífi í margar hafnir víða um land. Auðlindir hafsins tilheyra okkur öllum, það þarf að jafna hlut þeirra um landið, það sé byggðasjónarmið. Áframhaldandi árangur í sjávarútvegi fari eftir hvernig við stöndum að málum. Við viljum nýta á sanngjarnan, sjálfbæran máta og hafa aukið gagnsæi.

Aukið fiskeldi hafi skapað mikla atvinnu og aukin verðmæti en það þurfi að horfa á áskoranir sem fylgi. Það verði að fylgja strangar umhverfisreglur og hafa langtímasýn um hvernig við ætlum að þróa áfram þessa atvinnugrein. Mikilvægt þar sem um sé að ræða staðbundna nýtingu. Nefnir fyrirhugað laxeldi í Seyðisfirði sem hún hafi áhyggjur af.

Bændur hafi átt erfitt síðustu ár. Ástandið þungt og mannskapur þreyttur eftir kalt og blautt sumar sem kom seint. Það hafi verið margir fundir haldir þar sem ítrekað hafi komið fram hækkandi kostnaður, öfgar í veðurfari, ótrygg laun o.fl.

Hún sagði þetta gerast þrátt fyrir aukinn stuðning og sértækar aðgerðir. Það þurfi að gera betur ef við viljum að íslenskir bændur framleiði matvæli. Landbúnaður hafi verið undir þrýstingi vegna aukinnar samkeppni og markaðsbreytinga. Nefnir skógræktina einnig. Ráðherra verði með reglulega fundi með stjórn bændasamtakanna til að bregðast við þessu. Hún hafi fundað með skógaræktarfélagi til að samræma skipulagsmál og skógrækt samhliða kolefnisjöfnun.

Bjarkey sagðist vilja ítreka að það sé gott aðgengi að henni, hún vilji samtal og hafi lagt sig fram að hitta fólk og ræða málin. Hún hvetji fólk til að koma málum á framfæri við sig í dag.

Fundarstjóri bauð því næst Ingibjörgu Isaksen, fyrsta þingmanni Norðausturkjördæmis, að stíga í pontu og ávarpa samkomuna.

Kl. 10:45 Ávarp Ingibjargar Isaksen, fyrsta þingmanns Norðausturkjördæmis

Ingibjörg vildi koma því á framfæri að hvergi væri fallegra en hér á haustin. Byrjaði á því að segja að hugur hennar og annarra hafi verið hér vegna þeirra áfalla sem dunið hafi á Austurlandi. Sorgin hafi verið ápreifanleg en á sama tíma sé samstaðan aðdáunaverð og skíni í gegn. Vildi færa kveðju frá öllum þingmönnum. Hún sagði að þau væru kjörin þingmenn kjördæmisins, vildi koma því sérstaklega á framfæri. Hvaðan sem fólk kæmi væri það alltaf persónan sem ynni málin sem skipti máli.

Síðan hún ávarpaði þennan hóp síðast hafi það gerst að kjördæmið hafi eignast ráðherra. Hún fjallaði um vaxtastig og verðbólgu. Verkefnið skýrt þ.e. að ná verðbólgu og vöxtum niður. Mesta og stærsta hagsmunamál sem þurfi að vinna í dag fyrir fólk í landinu. Standa þurfi vörð um viðkvæma hópa og barnafjölskyldur og að það hafi verið í forgangi hjá ríkisstjórninni. Það hafi þurft að fresta mörgum mikilvægum og brýnum verkefnum. Það séu bjartari tímar fram undan og að það sé að hægja á efnahagslífinu án þess að það sé snögg kólnun og verið að ná tökum á verðbólgunni. Það sé þensla, hagvöxtur mikill og verðbólga há. Það hafi dregið úr spennu á vinnumarkaði án þess að atvinnuleysi sé að aukast. Stór verkefni taki tíma og stundum séum við óþolinmóð. Hún talaði um aðkomu ríkisins í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og nefndi þar t.d. fríar skólamáltíðir.

Það þurfi að skoða stöðu verkefna og forgangsraða og oft séu verkefni sem sitja á hakanum. „Þið sem sitjið hér vitið hvernig er að glíma við rammaáætlanir og fjárhagsáætlanir,“ sagði hún.

Ingibjörg talaði um samgöngumál en samgönguáætlun frestaðist í vor. Núna sé verið að leggja allt kapp á að klára fyrir júl. Hún hafi verið fulltrúi meirihlutans í

Þessari vinnu og hún taldi best að afgreiðslu hefði verið frestað. Það var verið að fresta mikilvægum verkefnum en henni fannst ekki forsvaranlegt að það væri verið að fresta ýmsum verkefnum hér í þessu kjördæmi. Það að eitt verkefni hefði stoppað öll önnur verkefni hafi ekki verið rétt. Núna sé verið að uppfæra áætlunina og það muni koma mörgum á óvart hvaða verkefni hafi hækkað en það þurfi að forgangsraða. Á þessu svæði sé það Egilsstaðaflugvöllur.

Varaflugvallargjaldið hjálpi til við þá uppbyggingu. Rætt hafi verið að setja flugstöðina í Reykjavík á dagskrá, en hún vilji klára Akureyri og taka Egilsstaðaflugvöll næst. Þetta sé fjárfesting upp á 8,6 milljarða og framkvæmdir eigi að hefjast 2026 vegna Egilsstaðaflugvallar. Skv. jarðgangnaáætlun eigi að gera 14 göng á næstu árum. Fjarðarheiðargöng séu fyrst í forgangi. Einu göngin á þessum lista sem tilbúin séu til útboðs. Skýr og samstillt rödd Austfirðinga skili sér. Dropinn holi steininn. Það átti að ráðast í Fjarðarheiðargöng og Öxi vegna sameiningar sveitarfélaga og það sé mikilvægt að staðið sé við gefin loforð. En það geti tekið tíma að afla fjármagns til uppbyggingar vegakerfisins. Það sé gamalt og stór hluti kominn á viðhald. Það hafi verið aukið í viðhald síðustu ár. Til að vel sé þurfi 18 milljarða en þeir séu aðeins 11 milljarðar í dag í viðhald. Fjöldi íbúa dugi ekki til að greiða skatta svo hægt sé að gera allt sem við viljum gera. Í tengslum við orkuskiptin sé ekki að koma eins mikið af sköttum inn. Það sé verið að skoða nýja gjaldtöku á rafmagnsbíla og nýjar gjaldtökur á bensín og dísel bíla. Hún hafi þrýst á fjármálaráðherra til að flýta niðurstöðum á þessu.

Hún hafi talað gegn kílómetragjaldi og kallað það landsbyggðarskatt en hún hafi séð gögn varðandi þá sem keyra mest. Það sé fólk sem býr í jöðrunum á höfuðborgarsvæðinu. Auðvitað séu einstaklingar sem keyri meira á landsbyggðinni en yfir heild þá sé þetta á Suðvesturhorninu. Það þurfi að horfa til sameininga og gæta sanngirnis í þessu sem öðru.

Varðandi heilbrigðismálin sé búið að fjölga flugferðum vegna heilbrigðisþjónustu um tvær flugferðir (voru tvær áður en orðnar fjórar). Jákvætt skref en telur að það sé mikilvægara að semja við sérfræðilækna að koma á landsbyggðina, frekar en að allir séu að sækja til Suðvesturhornsins eftir þjónustu. Ákveðið að styrkja heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni til að kaupa tæki til bráðagreininga. Það þurfi að tryggja nauðsynlegan búnað um land allt.

Fjarlægningar hafi einnig tekið til starfa, sérstaklega í gegnum fjarskipti vegna neyðartilvika. Augnlæknaþjónusta á Austurlandi sé að fara af stað. „Gott að eldast“-verkefni sem sé sameiginlegt með sveitarfélögum á svæðinu sé einnig í gangi. Aukin samvinna HSA og sjúkrahússins á Akureyri og hjúkrunarheimila um starfsfólk og sérfræðiþjónustu. Það hafi verið stigin fleiri skref varðandi sálfræðiþjónustu. Það hafi enginn sálfræðingur verið árið 2016 á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni en í dag eru þeir 60. Samstillt átak gegn



auknu ofbeldi barna og ungmenna. Ríkisstjórn hafi ákveðið að fjölga aðgerðum og auka fjármagn. Samstarf mikilvægt.

Uppbygging verknáms Verkmenntaskóla Austurlands sé í bígerð.

Það hafi verið úthlutað úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Annar af hæstu styrkjunum í ár hafi farið til Austurlands. Alls hafi 6 verkefni á Austurlandi styrkt.

Sagði frá lagafrumvarpi í bígerð varðandi vindorku en gerði ráð fyrir því að Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, fari yfir það í sínu erindi.

Hún minnti á að í næstu viku er kjördæmavika og samtalið við heimamenn mikilvægt.

Fundarstjóri kynnti næsta til leiks Heiðu Björg Hilmisdóttur, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kl. 11:05 Ávarp Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í máli Heiðu kom fram að Sambandið sé alltaf tilbúið að koma og henni fannst leitt hvað fulltrúar sambandsins hafa lítið komið austur. Sambandið er að fara í gegnum flókna tíma og efnahagsástandið hafi verið áskorun. Það sé mikilvægt að sveitarfélögin geti fjárfest. Sveitarfélögin séu skuldsett og það hamli framþróun hvernig vaxtastig og verðbólgan hafi verið. Sveitarfélögin hafi reynt að taka þátt í aðgerðum með ríkinu til að ná þessu niður. Uppsöfnuð fjárfestingarþörf sveitarfélaganna sé gríðarleg. Fólk átti sig ekki á því hvað stór hluti innviða er á borði sveitarfélaga. Eru núna í auglýsingaherferð meðal til almennings til að fólk átti sig á því hvaða verkefni sveitarfélögin eru að vinna með. Það eru skólar, leikskólar, vegagerð, þjónusta o.fl. Hlutur sveitarfélaga í vegagerð er jafnmikill og ríkisins. Tekjur A hluta sveitarfélaga hafa aukist og því eiga sveitarfélögin eitthvað fyrir vaxtakostnaði en reksturinn sé samt í járnnum.

Heiða sagðist vilja ræða áhrif þess á íslenskt samfélag ef sveitarfélög geti ekki fjárfest. Ef sveitarfélög geta ekki byggt upp sé það áhætta fyrir Ísland. Sambandið sé með stefnu frá landsþingi sem verið sé að fara eftir. Hún sagðist vilja leggja áherslu á að forgangsraða.

Hún sagði að Jón Björn Hákonarson, varaformaður Sambandsins, væri duglegur að fylgja málum fjórðungsins eftir. Búið að fara í breytingar hjá Sambandinu, nýtt skipurit og nýtt starfsfólk. Hún telur að breytingarnar séu betri fyrir byggðir landsins. Hafa átt gott samtalið við ráðherra m.a. orkumálaráðherra varðandi gerð

áætlana. Einnig menntamálaráðherra varðandi skólasamfélagið. Hún ræddi málefni fatlaðs fólks. Þau hafa náð árangri þar en vilja gera betur. Þar séu aðkallandi verkefni m.a. hvaða þjónustu sveitarfélögin eigi að sinna. Lögin ekki skýr hvað þetta varðar og samtal í gangi við ríkið um þetta mál. Fyrst og fremst er verið að horfa á mat og stuðning við fatlað fólk og börn og ungmenni með fjölpættan vanda. Þar er 3ja stigs þjónusta sem á að vera á höndum ríkisins og sveitarfélögin geta ekki byggt upp slíka þjónustu í hverju sveitarfélagi. Einnig þarf að horfa á framhaldið. Umræðan um lágmarksfjölda íbúa innan þjónustusvæðis og þau eru að skoða hvað sé ásættanlegt í því. Þau séu að opna gáttir sínar, t.d. verið að uppfæra heimasíðu Sambandsins. Fundargerðir aðgengilegar þar og hægt að hafa samband við starfsfólk. Komin þjónustugátt til að halda utan um fyrirspurnir og svör við þeim sett á netið. Sveitarfélagaskólinn verði opnaður að nýju. Framtíðarsveitarstjórnarfolk vill kannski taka sveitarfélagaskólann til að skilja vinnuna á bakvið rekstur sveitarfélaga. Sagði að með henni hér væri Þórdís Sveinsdóttir sviðsstjóri þróunarsviðs. Lögð áhersla á öflun gagna til að hjálpa til við ákvarðanatöku t.d. samanburður á milli sveitarfélaga og vera með aðgengi að nýjum gögnum. Þau séu komin það langt núna og Reykjavíkurborg og Sambandið séu að vinna mjög þétt saman við stafræna þróun. Starfræn þróun hins opinbera á að vera á einni hendi með ríkinu. Þau séu ekki bara að hugsa um aukið fjármagn, heldur að skoða þjónustustig og hagkvæmni þjónustu. Hún upplifi almennt að fólk sé sammála þessari nálgun og nefndi t.d. ráðherra og ríkisstjórn.

Þau noti gögnin til að rökstyðja betur hvaða leiðir sé verið að fara. Lögð sé áhersla á að endurskilgreina tekjustofna. Eru í samráðsnefnd með fjármála- og innviðaráðuneyti. Verið að endurskoða sveitarstjórnarlögin. Þar koma inn landshlutasamtökin í þá vinnu. Mikil áhersla lögð á að standa með sveitarfélögunum og þeirra tillagna sem koma beint frá þeim. Aukið samstarf og samvinna með Almannavörnum. Stórt hlutverk sveitarfélaga þar. Húsnæðismálin sem unnin eru í samstarfi við ríkið mikilvæg. Sveitarfélögin þurfi að vera tilbúin að forgangsraða. Ekki hægt að gera allt eða biðja um allt.

Í vinnu Sambandsins sé horft til landshlutasamtaka og ráðherrum vísað á þau. Hún hafi velt fyrir sér hvort Sambandið sé að gera of mikið. Vill samstarf um farsældina og innleiðingu hennar. Afreksíþróttastefna sveitarfélaga, það kom áskorun að vera með íþróttafulltrúa í landshlutum. Samstarf gegn ofbeldi o.fl. sem þarf að skoða saman og hugsa hvernig hægt er að vinna áfram. Sóknaráætlanir, gætu þær nýst betur? Gætu ráðherrar komið sínum áherslum þar inn?

Að lokum nefnir hún að gerð var stefna stjórnvalda fyrir sveitarstjórnarstigið en þau ræddu m.a. við 16-20 ára ungmenni hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á búsetu og hvar þau vilja búa í framtíðinni. Niðurstaðan var sú að 40% vill setjast

að á höfuðborgarsvæðinu og 30% vilja setjast að í útlöndum. 30% vilja búa í þéttbýli eða sveit (ekki á höfuðborgarsvæðinu). Flestir í framhaldsskóla sem svöruðu. Mikilvægast að hafa spennandi atvinnu, aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu. Þjónusta sveitarfélaga var ofarlega á lista sem mikilvægur þáttur þegar þau ákveða búsetu. Þjónusta við fólk t.d. leikskóla og skóla. Sögðu það frekar en íþróttir eða menningu. Öflugir innviðir þannig að fólk á öllum aldri vilji setjast að á Íslandi. Höfum áhyggjur af fólksfækkun og þó að það fjölgi aðeins á Austurlandi þá er enn þessi innviðapörf.

Að lokum hvatti hún Austfirðinga að koma í heimsókn til Sambandsins. Hún vilji líka gjarnan fá að sjá ályktanir að loknu haustþingi.

Kl. 11:30 Drög að ályktun haustþings 2024 lögð fram. Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA

Berglind segir frá því að drögin voru send í tölvupósti til fundargesta og það hafa komið athugasemdir og það verður tekið til skoðunar. Hún bað fundargesti að senda athugasemdir fyrirfram á Dagmar.

Drög að ályktun haustþings 2024 var því næst borin upp og kynnti formaður SSA hana og las svo upp orðrétt:

„Á Austurlandi er samheldið og gott samfélag og þegar á reynir hafa íbúar landshlutans staðið saman sem ein heild. Um árabil hafa verið rekin framsækin og alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki í landshlutanum sem skapa miklar tekjur fyrir þjóðarbúið eða um fjórðung af heildarverðmæti vöruútflutnings. Horfur eru bjartar fyrir austan og uppbygging fyrirséð á öllum sviðum mannlífsins.

Í ljósi framangreinds samþykkir Haustþing SSA eftirfarandi ályktun:

1. Haustþing SSA minnir á mikilvægi þess að geðheilbrigðismál á landsbyggðunum verði tekin mun alvarlegar en nú er gert og aðgengi barna og ungs fólks að sálfræði- og geðlæknisþjónustu stóreflt.
2. Sökum fjarlægðar Austurlands við höfuðborgarsvæðið hafnar haustþing SSA þeim landsbyggðarskatti sem settur var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli. Sú aðgerð hamlar enn frekar för Austfirðinga sem neyðast til að sækja sér sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og aðra þjónustu á vegum ríkisins út fyrir landshlutann.
3. Haustþing SSA leggur áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um öruggt og greiðfært vegakerfi innan landshlutans og tengingar við aðra landshluta, sem og fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem brýnt er að hefjast handa við. Haustþing SSA leggur áherslu á að Alþingi afgreiði nýja

samgönguáætlun hið fyrsta og að hafin verði vinna við næstu jarðgöng á Austurlandi. Eingöngu með hringtengingu samgangna verður fjölkjarnasamfélagið Austurland að einu atvinnu- og þjónustusvæði sem getur vaxið áfram á eigin forsendum og verðleikum.

4. Haustþing SSA minnir stjórnvöld á að Austfirðingar hafa verið manna duglegastir að sameina sveitarfélög og hefur þeim fækkað um helming á tíu árum. Það er forgangsmál að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna sem hafa tekið að sér mörg verkefni frá ríkinu á síðustu árum án fullnægjandi fjármagns.
5. Fyrirhuguð gjaldheimta hins opinbera, t.a.m. af orkumannvirkjum, ferðapjónustu, auknu fiskeldi og sjávarútvegi, verður að skila sér þangað sem verðmætasköpunin fer fram. Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að efla orkukerfið á Austurlandi og auka framboð af grænni orku til að mæta þörfum atvinnulífsins í landshlutanum sem of oft hefur mátt búa við ótrygga orku með afleiðingum sem vinna gegn stefnu og markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum.

Ekkert að ofanverðu eru ósanngjarnar kröfur. Austurland ætti ekki í neinum erfiðleikum með að framfleyta sjálfu sér ef fjárfestingar í innviðum væru í einhverju samræmi við þær tekjur sem það aflar fyrir íslenskt þjóðarbú. Í þessu ljósi er það með ólíkindum að enn berjist Austfirðingar fyrir sjálfsögðum hlutum eins og öruggu vegakerfi, sanngjarnri hlutdeild af verðmætasköpun og góðu aðgengi að þjónustu sem íbúarnir hafa þegar greitt fyrir með sköttum sínum.“

Skilaboðin eru skýr. Drögin verða að öllu óbreyttu lögð fyrir í fyrramálið til afgreiðslu, en farið verður yfir athugasemdir ef einhverjar berast fyrir morgundaginn.

Fundarstjóri þakkaði Berglindi fyrir yfirferðina og bauð fundarmönnum næst að snæða hádegisverð.

Kl. 11:30 Hádegisverður

Kl. 12:40 Innlegg frá Önnu Steinsen, eiganda og þjálfara hjá KVAN

Kynning á erindi Önnu Steinsen, eiganda og þjálfara hjá KVAN, sem haldið verður í fyrramálið klukkan 10:30.

Kl. 12:50 Tölur Austurlands, innlegg frá Dagmar Ýr Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Austurbrúar

Næst á dagskrá var innlegg frá framkvæmdastjóra SSA og Austurbrúar, Dagmar Ýr Stefánsdóttur. Hún fór yfir nokkrar tölulegar staðreyndir um Austurland og setti þær í samhengi við Svæðisskipulag Austurlands 2022 - 2044 og vinnu við gerð næstu sóknaráætlunar fyrir Austurland sem á að liggja fyrir fyrir áramót. Hún vonaðist til að innleggið yrði gagnlegt veganesti í þær umræður sem verða í vinnustofunum.

„Eitt að vera með sýn, annað að aðgerðabinda og þessari vinnu er ætlað að gera það,“ sagði Dagmar. Aðgerðaráætlunin sé til 5 ára fyrir svæðisskipulag og um leið verði þessi vinna nýtt í gerð næstu sóknaráætlunar.

Þá fór hún yfir lykiltölur sem varpa ljósi á samfélagið á Austurlandi:

Fækkun barna sé áberandi þróun á Austurlandi, sérstaklega á Djúpavogi og Stöðvarfirði. Þetta geti haft áhrif á þjónustu eins og leik-og grunnskóla. Aldurssamsetningin sé að breytast, eldra fólki að fjölga. Það verði þörf fyrir aukna þjónustu fyrir þennan hóp. Jákvæð þróun í aldursflokki „vinnandi fólks (25-44 ára)“, jákvæð þróun í fólksfjölda á þessu aldursbili, sérstaklega á Reyðarfirði, Egilsstöðum, Eskifirði og í Neskaupstað. Brothættar byggðir-verkefningin hafa virkað vel á t.d. Borgarfirði eystra og Stöðvarfirði og má merkja í auknum fjölda vinnandi fólks.

Á aldursbilinu 45-50 ára á Austurlandi vantar fólk, sérstaklega konur. Hugsanleg skýring er að þessi hópur fór áður en þau sáu tækifærin sem fylgdu uppbyggingu álversins.

Hún ræddi framtíðarsýn sveitarstjórnarfólks varðandi fólksfjölgun til framtíðar og hafa það í huga í hópavinnunni sem framundan er. Ef ekkert breytist verða íbúar um 14.000 árið 2044. Leikskólabörnum mun ekki fjölga nema um 40 á öllu Austurlandi, en á sama tíma mun eldri borgurum fjölga um 250. Ættu sveitarfélögin frekar að byggja hjúkrunarheimili heldur en leikskóla?

Þróun fasteignaverðs. Það hefur hækkað aðeins hér á Austurlandi en það er mikill munur á fermetraverði milli sveitarfélaga. Það hefur hækkað aðeins meira síðustu ár á Austurlandi t.d. borið saman við Norðurland vestra og Vestfirði.

Varðandi geðheilbrigðismál þá eru færri einstaklingar sem leita til geðlækna á Austurlandi en það er meiri notkun þunglyndislyfja á þessu svæði. Mögulega tengist þetta. Mun lægra hlutfall háskólamenntaðra búa á Austurlandi. Konur nota meira af þunglyndislyfjum á landsvísi og það er eins á Austurlandi en það getur verið vegna þess að karlar leita sér síður hjálpar í þessum málum.



Göng skipta máli. Slys á milli þéttbýla þar sem göng hafa komið hafa fækkað töluvert. Hún sýndi tölur frá því þegar Fáskrúðsfjarðargöng og Norðfjarðargöng voru opnuð.

Fór yfir meðaltekjur fólks á Austurlandi. Launamunur kynja mikill í Fjarðarbyggð og konur almennt með töluvert lægri meðaltekjur er karlar.

Að lokum sagði Dagmar frá því að hún hafi spurt gervigreindina hvað þurfi að gera til að markmiðum svæðisskipulags yrði náð og las upp þær aðgerðir.

Kl. 13:00 Vinnustofur fyrir fimm ára aðgerðaráætlun Svæðisskipulags Austurlands

Framkvæmdastjóri kynnti því næst fyrirkomulag vinnustofa en tilgangur þeirra er að fá fram hug kjörinna fulltrúa um brýnar aðgerðir sem ráðast þarf í á næstu fimm árum til að færa okkur nær þeim markmiðum sem sett eru fram í Svæðisskipulagi Austurlands til ársins 2044. Haustþingsfulltrúum var skipt upp í fjóra hópa og yfir hverjum hópi var kynntur hópstjóri og ritari sem báðir komu frá Austurbrú. Hópunum var skipt eftir meginþemum svæðisskipulagsins þ.e. „Góð heimkynni“, „Svæði sóknarfæra“, „Sterkt samfélag“ og „Ævintýri líkast“.

Kl. 16:30 Dagskrá heimamanna

Þá tók við skemmtidagskrá í boði sveitarfélagsins Múlapings. Fundarmenn fóru gangandi í gegnum trjásafnið og enduðu í Mörkinni en á leiðinni fengu fundarmenn kynningu frá Þór Þorfinnssyni skógarverði. Í beinu framhaldi var farið í Hallormsstaðaskóla þar sem skólameistarinn, Bryndís Ford, fór yfir meginverkefni skólans og framtíðarsýn. Því næst var farið í „tjaldið“ þar sem Stefán Bogi Sveinsson sagði sögur frá sínum pólitíska ferli.

Kl. 20:00 Kvöldverður, afhending menningarverðlauna SSA 2024, heiðursgestur SSA 2024 kynntur og ávarp Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Kvöldverður var borinn fram í fundarsalnum og þar voru kynntir menningarverðlaunahafi SSA og heiðursgestur.

Fyrst ávarpaði Guðlaugur Þór Þórðarsonar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, kvöldverðargesti. Hann sagði frá að þeir hefðu skrifað undir samning við Kröflu varðandi flutning starfa út á land. Verkefni umhverfis- og orku

eru út á landi og því sé hann að færa störfun út á land. Ekki bara gott fyrir landsbyggðina heldur sé það gott fyrir Ísland að fólk sem hefur staðarþekkingu fjalli um málin. Það sé halli á starfsfólki í ráðuneytinu milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar (hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu) en það hafi orðið breyting á þessu á kjörtímabilinu og það muni halda áfram. Ríkisstjórnin hafi lagt höfuðáherslu á náttúruverndarmálin. Ísland hafi verið í allt öðrum flokki en aðrar þjóðir t.d. með nýtingu jarðvarma. Hitaveita Reykjavíkur fór af stað á fjórða áratugnum þá komu ýmsar áskoranir sem gerði þetta mjög erfitt en sem betur fór var þetta framsýnt og hugrakkt fólk sem kláraði verkin. Þess vegna sé gott að búa á Íslandi. Þess vegna sé loftið betra og efnahagsleg gæði betri. Hugsum til þeirra sem þarna voru að verki þegar við teljum að verkefni séu erfið, sagði ráðherra. Þeir skiluðu góðu búi til okkar kynslóðar.

Nú sé verkefnið að finna jafnvægi á milli náttúruverndar og nýtingar orku úr náttúrunni. Það er líka auðlind í ósnortinni náttúru. Hún verði verðmætari með hverju árinu því fáir eiga slíkt. Hann vildi þakka sveitarfélögunum fyrir samstarfið því þau (ríkisstjórnin og þingmenn) gera lítið nema með þeirra samvinnu. Það séu stór og krefjandi verkefni framundan en mikilvægast sé að menn vinni saman að lausn þeirra.

Menningarverðlaun SSA fyrir árið 2024 voru kynnt og hlaut Hjörleifur Guttormsson þau í ár. Berglind Harpa fór yfir helstu rök stjórnar fyrir valinu og í kjölfarið sagði verðlaunahafinn nokkur orð.

Heiðursgestur að þessu sinni var Sigrún Blöndal, fyrrum bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði og formaður SSA á árunum 2014 til 2018. Berglind Harpa kynnti Sigrúnu sem fékk svo orðið.

Föstudagur 27. september

9:00 Kynning frá laganefnd SSA vegna samþykktabreytinga

Fundarstjóri setti fundinn og bauð Stefán Boga Sveinsson, fulltrúa laganefndar SSA, (Jón Jónsson lögmaður og Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri Fjarðabyggðar einnig í laganefndinni). Hann kynnti stöðu á vinnu við breytingu á samþykktum sambandsins sem ákveðið var að ráðast í á síðasta aðalfundi.

Stefán fór yfir samþykktirnar og þær breytingartillögur sem nefndin leggur til. Þá fór Stefán yfir nokkur álitamál sem komið höfuð upp í vinnunni. Hann sagði að breytingarnar færu svo til samþykktar á aðalfundi í vor.

(Sjá má þær tillögur sem laganefndin leggur til [hér](#) og álitamál [hér](#).)

Fundarstjóri bauð fundargestum að koma í pontu með athugasemdir ef einhverjar væru vegna breytinga á samþykktum.

Helgi Gíslason sveitarstjóri Fljótshrepps óskaði eftir að fá orðið. Sagði þetta athyglisverðar tillögur. Hann teldi stjórnina ekki hafa staðið rétt að því hvernig nefndin var skipuð. Þetta hafi verið endurskoðunarnefnd á lögum SSA og það séu tvö sveitarfélög sem eigi aðild að endurskoðuninni sem sé mjög sérkennilegt. Hvorki Fljótshreppur eða Vopnfirðingar ættu aðila í þessari vinnu. Í öðru lagi varðandi fjölda íbúa þ.e. þau sveitarfélög sem séu með 300 íbúa eða færri, sveitarfélög eru ekki skilgreind eftir íbúum, heldur landsmörkum þannig að Múlaþing með 5000 íbúa hefur sama vægi og Akureyri eða Reykjavík sem sveitarfélag. Sama gildi um Fljótshreppur og Vopnfirðinga, þeir hafi stjórnsýslueininguna sveitarfélag en burt séð frá íbúafjölda. Ef menn leika sér með íbúafjölda sem ekki er lagaleg skilgreining á sveitarfélögum getum við sett í þessar tillögur að þau sveitarfélög sem hafa íbúafjölda yfir 5000 eigi aðeins áheyrnarfullrúa í stjórn SSA. Af hverju ekki? Helgi óskar eftir að þetta verði endurskoðað. Það séu fjögur sveitarfélög í fjórðungnum. Það sé ekki karlmannlegt og dónaskapur að halda þessum sveitarfélögum fyrir utan þetta. Hann skilji ekki hvað sé verið að fara með þessu og mótmælti. Í þriðja lagi las hann skýrsluna sem fylgdi með tillögunum sem sé söguskoðun á því sem fram fór í gamla daga. Helgi hefði viljað að farið hefði verið lengra aftur í söguna til Goðanna þegar Valbjófstaður var með valdið. Honum fannst ósamræmi milli þessara samþykktu og svo skipulag kjördæma varðandi vægi atkvæða, það séu andstæð rök.

Stefán Bogi brást við þessum athugasemdum. Varðandi skipan nefndarinnar sagði hann að leitað hefði verið til þeirra sem höfðu þekkingu á málunum og leitað til þeirra sem taldir voru sérfræðingar. Svo sé vettvangurinn aðalfundur sem eigi að kjósa um þetta. Þau séu ekki fulltrúar en eru að koma með tillögur og svo er það sveitarfélaganna sjálfra að vinna með þetta áfram. Varðandi vægi sveitarfélaga og virðingu fyrir þeim, það sé ekki eðlilegt að fjöldi kjósenda geti sagt til um hvað lýðræðið vill. Það verði að vera jafnvægi t.d. varðandi síðustu kjördæmabreytingu hjá Alþingi. Það sé verið að reyna að finna eðlilegt jafnvægi. Hann nefnir að kostnaður við rekstur SSA byggist t.d. á skatttekjum og íbúafjölda.

Berglind Harpa fagnaði umræðunni og þakkaði fyrir yfirferðina og vinnu laganefndar. Hjá stjórn SSA voru þau alveg sammála að það þyrfti að endurskoða samþykktirnar. Búið var að fara yfir allar athugasemdir varðandi þetta og almenn ánægja með breytingarnar. En gott að fá umræðuna eins og þessi vettvangur er hugsaður. Það var samhljóma ákveðið innan stjórnar SSA hverjir ættu að sitja í laganefndinni, byggt á þeirra reynslu þekkingu og menntun. Til að fá góða sýn á

hvernig væri hægt að breyta samþykktunum til hins betra. Varðandi athugasemdir frá Fljótshreppi og íbúafjölda þá hafi fjármagn sem kemur t.d. í framkvæmdir fylgt íbúafjölda. Reynt að leggjast á eitt til að samræma þjónustu til að bæta hana t.d. er félagsþjónusta Múlapings að sinna verkefnum utan sveitarfélagsins sem sé gott og ánægja með. Í skólunum þurfi að greiða per barn. Umræðan hér haldi áfram og það verði hægt að koma með athugasemdir alveg fram að aðalfundi þar sem þetta verður svo afgreitt.

Dagmar Ýr tók til máls og óskaði eftir betri útskýringu á 6. gr. samþykktanna. Varðandi að fyrst skuli boða „varafulltrúa viðkomandi aðalfulltrúa“. Hún nefdi dæmi um þetta. Hún taldi þetta mögulega vera ruglingslegt m.v. hvernig verklagið sé í dag. Einnig komist „varafulltrúi ekki til fundarins, má boða hvaða varafulltrúa sem er“. Hver á að ákveða þetta og hvernig? Þetta sé ekki skýrt.

Jóhann Þórhallsson vildi tjá sig um breytingar varðandi fulltrúana. Hann byrjaði á að þakka nefndinni fyrir þessa vinnu og taldi það gott fyrir SSA að koma þessu af stað. Varðandi Fljótshrepp þá sagði hann hreppin vera stjórnáslueiningu og að þau hafi atkvæðarétt. Mundi ekki eftir því að það hefði hingað til verið kosið um mál þar sem reynt hafi á vægi fulltrúa eða atkvæðarétt, menn tali sig yfirleitt niður á niðurstöðu. En varðandi vinnu við svæðisskipulag; þar sé fulltrúi Fljótshrepps með 2 fulltrúa eins og önnur sveitarfélög. Mismunandi eftir landshlutasamböndum hvernig þessar reglur eru. Hjá næstu landshlutasamtökum við okkur hafa öll sveitarfélög atkvæðisrétt. Það hafi verið mjög gott starf hjá SSA síðustu ár og hann telji að þau eigi að hafa sæti við borðið.

Stefán Bogi brást við spurningunni frá Dagmar. Það sé ástæða fyrir þessari breytingu. Þú farir úr því að varamenn séu í fastri röð yfir í að varamenn séu bundnir aðalfulltrúa. Þetta sé líka til að tryggja rétt vægi milli meirihluta og minnihluta. Einnig sé verið að tryggja að hringt sé í alla á endanum. Varðandi atkvæði fulltrúa verði að vera speglun á íbúalýðræði þ.e. hvað séu margir hausar á bakvið atkvæðin. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu geri þetta með sambærilegum hætti og þetta sé núna en engin önnur landshlutasamtök séu með skiptinguna svona og það sé oft þannig að litlu sveitarfélögin eigi engan fulltrúa. Eftir síðustu breytingar sem voru gerðar þá hafi vægi Fljótshrepps varðandi ákvarðanir verið mun meira en öll önnur sveitarfélög af sömu stærðargráðu í öðrum landshlutasamtökum. Nefndin taldi þetta vera eðlilega breytingu til að ná lýðræðislegu jafnvægi.

Helgi Hlynur vildi koma á framfæri að hann taldi mjög mikilvægt að setja þessar reglur og nefni dæmi um varamann Berglindar Hörpu. Af hverju eykst alltaf réttur Fljótshrepps við það að önnur sveitarfélög sameinist? Réttur minni sveitarfélaganna hverfi inn í stóru sveitarfélögin en á sama tíma eykst þeirra.

Fljótsdalshreppur eigi fulltrúa. Atkvæði skipti máli. Almennt séð sé ekki verið að greiða atkvæði um mál, en það komi fyrir. Það sé óeðlilegt að sá sem er með 20 atkvæði á bakvið sig hafi jafn mikið vægi og annar sem hafi mun fleiri atkvæði. Nefndi dæmi að einn fulltrúi hjá Múlaþingi sé með 506 atkvæði á bakvið sig.

Helgi Gíslason brást við þessu og sagði sínar athugasemdir fyllilega réttmætar. Hann standi með sínu sveitarfélagi og muni berjast áfram. Varðandi það sem Stefán Bogi sagði sagðist Helgi telja að flest sambönd á landinu geri þetta með þessum hætti sem hann sé að óska eftir og minni sveitarfélög hafi fulltrúa.

Berglind Harpa svaraði Helga Hlyn varðandi hver sé hennar varamaður.

Fundarstjóri sleit umræðum og vísaði þeim til afgreiðslu á aðalfundi.

9:45 Kosning um ályktun haustþings

Fundarstjóri boðaði því næst að nú hæfust umræður og kosning um þá tillögu að ályktun sem liggur fyrir haustþinginu og kynnt var daginn áður. Dagmar Ýr fór yfir þær breytingatillögur sem höfðu borist.

Breytingatillaga 1 fyrir ályktun nr. 1

Var:

Haustþing SSA minnir á mikilvægi þess að geðheilbrigðismál á landsbyggðunum verði tekin mun alvarlegar en nú er gert og aðgengi barna og ungs fólks að sálfræði- og geðlæknisþjónustu stóreflt.

Verður (eftir að athugasemdir bárust):

Haustþing SSA minnir á mikilvægi þess að geðheilbrigðismál á landsbyggðunum verði tekin mun alvarlegar en nú er gert og aðgengi þeirra sem þurfa geðheilbrigðisþjónustu á Austurlandi stóreflt.

Dagmar lagði þessa breytingatillögu til atkvæðagreiðslu. **Samþykkt með miklum meirihluta. Einn á móti.**

Dagmar les upp ályktun 2 en ekki bárust breytingartillögur um hana.

Sökum fjarlægðar Austurlands við höfuðborgarsvæðið hafnar haustþing SSA þeim landsbyggðarskatti sem settur var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli. Sú aðgerð hamlar enn frekar för Austfirðinga sem neyðast til að sækja sér sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og aðra þjónustu á vegum ríkisins út fyrir landshlutann.

Lagt til atkvæðagreiðslu. **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Breytingatillaga um ályktun 3

Var:

Haustþing SSA leggur áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um öruggt og greiðfært vegakerfi innan landshlutans og tengingar við aðra landshluta, sem og fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem brýnt er að hefjast handa við. Haustþing SSA leggur áherslu á að Alþingi afgreiði nýja samgöngu áætlun hið fyrsta og að hafin verði vinna við næstu jarðgöng á Austurlandi. Eingöngu með hringtengingu samgangna verður fjölkjarnasamfélagið Austurland að einu atvinnu- og þjónustusvæði sem getur vaxið áfram á eigin forsendum og verðleikum.

Það barst breytingatillaga frá Presti Jónssyni og hann kom í pontu og gerði grein fyrir henni. Hann vildi að ályktunin yrði skarpari og nefna þyrfti þær framkvæmdir sem þarf að fara í strax. Þessir vegir séu stórhættulegir og hafi valdið mörgum slysum og skemmdum á bílum.

Breytingartillaga Þrastar Jónssonar á ályktun 3:

*Haustþing SSA leggur áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um öruggt og greiðfært vegakerfi innan landshlutans og tengingar við aðra landshluta, sem og fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem brýnt er að hefjast handa við. Haustþing SSA leggur áherslu á að Alþingi afgreiði nýja samgönguáætlun hið fyrsta og að hafin verði vinna við **Suðurfjarðarveg, Fjarðarheiðargöng og Öxi**. Eingöngu með hringtengingu samgangna verður fjölkjarnasamfélagið Austurland að einu atvinnu- og þjónustusvæði sem getur vaxið áfram á eigin forsendum og verðleikum.*

Jónína Brynjólfsdóttir óskaði eftir að fá orðið. Hún studdi breytingartillögu sem Hildur Þórisdóttir, fulltrúi Múlapings, ætlaði að koma með. Sú nái einnig yfir þær breytingar sem Þröstur sé að leggja til.

Berglind Harpa kom upp fyrir hönd stjórnar SSA og talaði um breytta aðferðafræði hjá SSA á síðustu árum. Frá því svæðisskipulagið var samþykkt, sem sé mjög skýrt, hafi verið unnið öðruvísi á haustþingunum. Ályktanirnar frá stjórninni voru til þess gerðar að hafa þær stuttar en hnitmiðaðar. Henni fannst skýrt að vísa í svæðisskipulagið og það þurfi ekki að vísa í einhver einstök verkefni. Hún sagði einnig frá því að hún og Dagmar Ýr muni fara suður með ályktanirnar og svæðisskipulagið í ráðuneytin til að koma þessum áherslum á framfæri. Hún styddi við að

bæta við áherslum svæðiskipulagsins í ályktanirnar. Hún fór yfir ástæður stjórnar SSA fyrir hinum ályktunum einnig.

Pröstur Jónsson óskaði eftir að svara athugasemdum frá Jónínu og Berglindi. Hann tók undir að svæðisskipulagið sé mjög gott og spyr af hverju þetta plagg sé ekki bara sent suður og farið yfir það með ríkisvaldinu því hann viti að ráðamenn viti ekki hvað kemur þar fram. Hann telji samt sem áður að það þurfi að draga út úr því áherslur til að koma skilaboðunum betur í gegn. Það sé samkeppni við önnur sveitarfélög um framkvæmdir og því telji hann mikilvægt að skilaboðin séu skýr sem fari frá þessu þingi.

Dagmar lagði breytingartillögu þratar til atkvæðagreiðslu. Meirihluti felldi hana. Fjórir fulltrúar voru með og fimm sátu hjá.

Dagmar lagði því fram breytingartillögu sem barst frá Hildi Þórisdóttur og opnaði mælendaskrá. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Breytingartillaga frá Hildi Þórisdóttur um ályktun 3.

Haustþing SSA lagði áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um öruggt og greiðfært vegakerfi innan landshlutans og tengingar við aðra landshluta í samræmi við áherslur Svæðisskipulags Austurlands sem og fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem brýnt er að hefjast handa við. Haustþing SSA leggur áherslu á að Alþingi afgreiði nýja samgönguáætlun hið fyrsta og að hafin verði vinna við næstu jarðgöng á Austurlandi. Eingöngu með hringtengingu samgangna verður fjölkjarnasamfélagið Austurland að einu atvinnu- og þjónustusvæði sem getur vaxið áfram á eigin forsendum og verðleikum.

Dagmar lagði fram þessa breytingartillögu. **Samþykkt með miklum meirihluta, einn fulltrúi sat hjá.**

Næst var fjallað um ályktun nr. 4. Það komu tvær tillögur frá Jónínu Brynjólfsdóttur.

Var:

Haustþing SSA minnir stjórnvöld á að Austfirðingar hafa verið manna duglegastir að sameina sveitarfélög og hefur þeim fækkað um helming á tíu árum. Það er forgangsmál að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna sem hafa tekið að sér mörg verkefni frá ríkinu á síðustu árum án fullnægjandi fjármagns. Fyrirhuguð gjaldheimta hins opinbera, t.a.m. af orkumannvirkjum, ferðaþjónustu, auknu fiskeldi og sjávarútvegi, verður að skila sér þangað sem verðmætasköpunin fer fram.

Breytingartillaga 1 frá Jónínu Brynjólfsdóttur:

*Haustþing SSA minnir stjórnvöld á að Austfirðingar hafa verið manna duglegastir að sameina sveitarfélög og hefur þeim fækkað um helming á tíu árum. Það er forgangsmál að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna sem hafa tekið að sér mörg verkefni frá ríkinu á síðustu árum án fullnægjandi fjármagns. **Gjaldheimta hins opinbera, t.a.m. af orkumannvirkjum, ferðapjónustu, fiskeldi og sjávarútvegi, verður að skila sér þangað sem verðmætasköpunin fer fram.***

Breytingartillaga 2 frá Jónínu Brynjólfsdóttur sem gengur aðeins lengra:

*Haustþing SSA minnir stjórnvöld á að Austfirðingar hafa verið manna duglegastir að sameina sveitarfélög og hefur þeim fækkað um helming á tíu árum. Það er forgangsmál að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna sem hafa tekið að sér mörg verkefni frá ríkinu á síðustu árum án fullnægjandi fjármagns. **Gjaldheimta hins opinbera, t.a.m. af ferðapjónustu, fiskeldi og sjávarútvegi, verður að skila sér þangað sem verðmætasköpunin fer fram og tryggja þarf sveitarfélögum sanngjarnar tekjur af orkumannvirkjum.***

Jónína gerði grein fyrir þessum breytingatillögum. Það er gjaldheimta af fiskeldi og ferðapjónustu en engin gjaldheimta af orkumannvirkjum og það þarf að koma því á.

Dagmar Ýr tók breytingartillögu 2 vegna ályktunar 4 til atkvæðagreiðslu. **Samþykkt með meirihluta atkvæða. Einn situr hjá en þrír eru á móti.**

Að lokum er fjallað um ályktun 5 en það bárust tvær breytingatillögur.

Var:

Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að efla orkukerfið á Austurlandi og auka framboð af grænni orku til að mæta þörfum atvinnulífsins í landshlutanum sem of oft hefur mátt búa við ótrygga orku með afleiðingum sem vinna gegn stefnu og markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum.

Breytingatillaga 1 frá Presti Jónssyni.

*Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að efla orkukerfið á Austurlandi og auka framboð af grænni orku til að mæta þörfum atvinnulífsins í landshlutanum sem of oft hefur mátt búa við **orkuóöryggi** með afleiðingum sem vinna gegn stefnu og markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum.*

Breytingartillaga 2 frá Presti Jónssyni

Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að tryggja nægt framboð innlendra raforku til Austurlands svo ekki þurfi að koma til notkunar jarðefnaeldsneytis á álagstímum svo sem vertíðum í uppsjávarveiðum sem og til uppbyggingar innlendra atvinnustarfsemi og húshitunar á köldum svæðum á viðráðanlegum kjörum.

Haustþing SSA skorar einnig á stjórnvöld til aðgerða sem hafi það að markmiði að jafna orku kostnað með tilliti til staðsetningar:

A) Að verð raforku í dreifbýli sé hið sama og í þéttbýli rétt eins og símakostnaður er það.

B) Að eldsneytiskostnaður á Egilsstaðflugvelli sé hinn sami og á Keflavíkflugvelli.

Þröstur kom í pontu og gerði grein fyrir sínum breytingatillögum. Hann byrjaði á að koma með athugasemdir varðandi kosningakerfið en þú hefur möguleika á því að sjá hvað aðrir kjósa áður en þú kýst sjálfur. Varðandi breytingatillögurnar þá vill hann aftur koma með skýrari ályktanir frá þinginu.

Helgi Gíslason vildi vekja athygli á því að um áratugaskeið hefur framleiðsla á raforku verið á samkeppnismarkaði þannig að einkaaðilar geta framleitt orku eins og hið opinbera. Kannski þarf ályktunin að vera aðeins víðari en bara að stjórnvöld skuli auka framboð, það á við um fleiri.

Þuríður Lillý Sigurðardóttir segir að þetta sé alveg ný ályktun og spyr því hvort það sé hægt að breyta þeirri sem var fyrir og koma þessum punktum inn.

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir tók undir breytingartillögu Þrastar. Tók líka undir það sem Helgi nefndi og það þyrfti að koma því líka inn. Dagmar lagði til að Ásrún og Þuríður settust með Jóni Knúti Ásmundssyni, verkefnastjóra hjá Austurbrú, og gerðu drög að nýrri ályktun.

Helgi Hlynur Ásgrímsson sagði að það sé verið að reyna að fækka ályktunum og leggur til að þessi ályktun sé strikuð út. Allt sem verið er að gera hér snýst um að allir séu sammála, það má ekki samþykkja eitthvað sbr. samgöngumálin nema við séum sammála. Við erum ekki sammála með þetta. Þessi orkuþráhyggja sé algjörlega út úr korti. Áhyggjur sem hann hafi af orkumálum snúist að því að það sé komin uppboðsmarkaður fyrir orku. Við eigum að hugsa um hag íbúa en sú hætta sé fyrir hendi að orkuverð til heimila þrefaldist eða tífaldist eins og gerðist í Noregi. Ætlar þingið ekki að ávarpa það? Við séum bara að búa til meiri græna orku af því að við séum að hlusta á ráðherrana okkar sem tala ekki um neitt

annað. Orkuskortur sé orkuþorsti. Hann sé óseðjandi. Við séum alltaf að tala um að bræðslurnar verði að brenna olíu, já af því þær hafa ekki trygga orku. Það verður aldrei hér eftir þannig að það sé svo lítil orka seld útaf kerfinu að sá kaupandi sem vill kaupa orku á þeim tíma sem erfiðast er að framleiða geti fengið hana. Tillaga Þrastar sé skárri en upphaflega tillagan, en hann vilji þessa tillögu út. Hagur Austfirðinga sé lágt orkuverð til heimila. Færri tillögur og færri ályktanir (2-3 ályktanir þó þær verði fjórar) og ekki meir.

Dagmar sagði að Helgi Hlynur hefði hér lagt fram frávísunartillögu og því þurfi að leggja hana til atkvæðagreiðslu.

Atkvæðagreiðsla frávísunartillögu Helga Hlyns. **Frávísun felld með meirihluta atkvæða. Fjórir sátu hjá og einn greiddi atkvæði með tillögunni.**

Gert hlé á mælendaskrá þar sem dagskránni hafði seinkað um næstum klukkutíma og Önnu Steinsen frá KVAN boðið á sviðið.

11:25 Erindi frá Önnu Steinsen frá KVAN um jákvæð samskipti og kynslóðamun

12:10 Riðlun dagskrár

Dagmar Ýr spurði fundargesti, þar sem dagskráin hefur riðlast, hvort það væri í lagi að klára verkefni vinnuhópanna og svo klára afgreiðslu ályktunar áður en farið yrði í hádegismat. Enginn mótmælti því.

12:15 Frágangur vinnustofa og kynning niðurstaðna.

Framkvæmdastjóri SSA, Dagmar Ýr, kynnti að nú færi fram vinna við frágang vinnustofa og að því loknu kynntu hópstjórar helstu niðurstöður vinnunnar.

Vinnuhóparnir voru Sterkt samfélag, Svæði sóknarfæra, Ævintýri líkast, Góð heimkynni

Sterkt samfélag - græni hópurinn

Það þurfi að halda svæðisskipulaginu að fólki. Gera það að skjali sem skipti íbúa máli. Koma á samtali milli sveitarfélaga og svæða um skipulagið og tengja grunnþjónustunni. Meira samtal milli sveitarfélaga um t.d. sorp, skóla, samgöngur o.fl.



Fjölbreytni og fjölmennung. Mikilvægt að bæta íslenskukennslu fyrir íbúa af erlendum uppruna og að sveitarfélögin hafi aðgang á vinnutíma að námskeiðum. Viðburðir á Austurlandi þurfi að höfða bæði til erlendra og íslenskra íbúa.

Nýsköpun. Allir sammála um að það verði að vera meira samtal við háskólana og að bæta þurfi aðstöðu til náms í fjarnámi og staðnámi. Það séu tækifæri í því að mynda námssamfélag þó að fólk sé í mismunandi námi.

Efla og markaðsetja framhaldsskólana tvo. Bæta námsaðstöðu í fleiri kjörnum. Auka stuðning til þeirra sem senda börnin sín í þessa skóla og þurfa að greiða mikið fyrir. Sveitarfélögin hvött til að vinna meira saman og nýta styrkleika hvers annars.

Það verði að bæta eftirfylgni við frumkvöðla og þá sem vinna að nýsköpun. Það þurfi að þróa stuðning við þennan hóp.

Heilbrigðismál - geðheilbrigðismál. Það verði að vera bráðavakt allan sólarhringinn á sjúkrahúsinu á Neskaupstað og virknistaðir í öðrum þéttbýlum. Auka þurfi þjónustu geðheilbrigðisteymis (fjölga starfsfólki). Finna leiðir og hvata til að fá fleiri sérfræðilækna austur. Meira samtal við ráðuneytin og Sjúkratryggingar og lækna til að leysa þetta mál. Þrýsta á ráðuneytin að hjálpa til að koma þessum hlutum í lag sérstaklega þau svæði sem eru fjærst höfuðborgarsvæðinu.

Þá lagði vinnuhópurinn til að unnin yrði ný stefna um heilbrigðisþjónustu á Austurlandi.

Svæði sóknarfæra

Vinnuhópurinn lagði til að lögð yrði áherslu á gæði frekar en fjölda í ferðaþjónustu. Að breyta þyrfti samningum varðandi matvælainnkaup sveitarfélaga, kaupa meira úr nærumhverfi. Búa til vettvang fyrir samtal milli atvinnulífs og sveitarfélaga - kynningarátak. Áhugi á að skoða störf með staðsetningu og eyrnamerkja störf á Austurlandi. Skoða fleiri samvinnurými. Hvetja íbúa til aukinnar þátttöku í verkefnum (íbúalýðræði). Efla samstarf milli leik-grunn og framhaldsskóla. Fara að horfa meira til austurs t.d. Færeyjar, Skotlands og Noregs og athuga hvort það séu samlegðaráhrif þar. Vinna meira í heimabyggð. Fullvinnsla afurða, að þrýsta á stjórnvöld að koma að því.

Góð heimkynni

Gera þarf áætlun um orkuverð og húshitun og fylgja eftir. Flug verði skilgreint sem almenningsamgöngur. Flugfargjöld hafi hækkað mikið síðan loftbrúin kom inn. Það þurfi líka að ráðast í umbætur á Loftbrúnni þ.e. að fjölga flugleggjum og að haga málum þannig að hægt sé að framselja leggina innan fjölskyldna.



Fylgja eftir samgönguáætlun. Bæta vegasamgöngur almennt með öryggi í huga og fækka malarvegum. Skipulagsvaldið fari til sveitarfélaganna. Markaðsetja Austurland með austurland.is - ímyndarherferð með markmið að auka íbúafjölda. Sameiginlegt verkefni sveitarfélaga.

Tekjur af orkumannvirkjum. Klára þarf stefnumótun varðandi orkumálin og gera stefnu fyrir Austurland.

Varðandi samvinnuhús, þau verða að vera til staðar til að fjölga óstaðbundnum störfum og gera fjarvinnu að aðlaðandi kosti.

Fjarðarheiðargöng og Öxi í forgang.

Ævintýri líkast

Skerpa á áherslum í uppbyggingu áfangastaða og kynningarmál. Heimamaðurinn á líka að vera markhópur. Markvissari umræða um gjaldtöku á ferðamannastöðum. Halda áfram að merkja stíga og ferðaleiðir. Auka upplýsingamiðlun, söguskilti (fjölga þeim) og skoða reiðleiðir. Vegabætur t.d. í tengslum við hálendisferðir. Markviss uppbygging lista og menningarviðburða fyrir börn og ungmenni. Inngildingarverkefni til að virkja erlenda íbúa í sköpum menningar. Skapandi sumarstörf í öllum sveitarfélögum. Auka staðarstolt. Hróshringurinn. Sveitarfélög reyni að hrósa hvert öðru opinberlega. Fólk sem sinnir sjálfboðastarfi, veita því viðurkenningar. Meiri stuðningur við afreks íþróttafólk, við æfingar innan landshlutans einnig á milli landshluta.

12:40 Framhald á kosningu um ályktun haustþings

Fundarstjóri bauð Dagmar Ýr aftur í pontu til að klára atkvæðagreiðslu ályktana Haustþingsins. Um er að ræða síðasta lið sem er ályktun 5.

Það bárust 3 breytingatillögur um ályktun nr. 5, frá Þresti, Þuríði og Ásrúnu.

Breytingartillaga Ásrúnar á tillögu Þratar (bætt við með rauðu)

Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að tryggja nægt framboð innlendra raforku til Austurlands svo ekki þurfi að koma til notkunar jarðefnaeldsneytis á álagstímum svo sem vertíðum í uppsjávarveiðum sem og til uppbyggingar innlendra atvinnustarfsemi og húshitunar á köldum svæðum á viðráðanlegum kjörum.

*Haustþing SSA skorar einnig á stjórnvöld **og aðra aðila** til aðgerða sem hafi það að markmiði að jafna orkukostnað með tilliti til staðsetningar:*

A) Að verð raforku í dreifbýli sé hið sama og í þéttbýli rétt eins og símakostnaður er það.

B) Að eldsneytiskostnaður á Egilsstaðflugvelli sé hinn sami og á Keflavíkurlflugvelli.

Breytingartillaga Þuríðar

Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að efla orkukerfið á Austurlandi. Brýnt er að auka framboð af grænni orku á viðráðanlegu verði. Of oft hefur Austurland mátt búa við orkuóryggi sem vinnur gegn stefnu og markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum. Einnig skal tryggt að raforkuverð í dreifbýli verði hið sama og í þéttbýli og þá krefst haustþing SSA þess að eldsneytisverð á Egilsstaðflugvelli verði hið sama og á Keflavíkurlflugvelli.

Breytingartillaga Þrastar

Haustþing SSA skorar á stjórnvöld tryggja nægt framboð innlendar raforku til Austurlands svo ekki þurfi að koma til notkunar jarðefnaeldsneytis á álagstímum svo sem vertíðum í uppsjávarveiðum sem og til uppbyggingar innlendar atvinnustarfsemi og húshitunar á köldum svæðum á viðráðanlegum kjörum.

Haustþing SSA skorar einnig á stjórnvöld til aðgerða sem hafi það að markmiði að jafna orku kostnað með tilliti til staðsetningar:

A) Að verð raforku í dreifbýli sé hið sama og í þéttbýli rétt eins og símakostnaður er það.

B) Að eldsneytiskostnaður á Egilsstaðflugvelli sé hinn sami og á Keflavíkurlflugvelli.

Dagmar spyr fundarmenn hvora breytingartillöguna þau vilja kjósa um fyrst. Það eru fimmtán sem kjósa með því að taka fyrir breytingartillögu Þuríðar. Fjórir á móti. Sex sitja hjá. Svo það er byrjað að kjósa um breytingartillögu frá Þuríði Lilly.

Eypór Stefánsson bað um orðið. Hann taldi að síðasta setningin sé ekki nógu góð og bað um að fá að breyta orðalaginu *flugeldsneytisverð*. Það séu ákveðin listaverð og að krefjast þess að það sé það sama og á Keflavíkurlflugvelli sé erfitt. Hann hefði viljað að þetta væri frekar orðað svo að *krefjast þess að eldsneytisverð verði jafnað á milli innanlandsflugvalla*. Þuríður samþykkti að breyta setningunni í tillögunni.

Ný tillaga ályktununar nr. 5 lítur því svona út eftir breytingartillögu Eypórs á breytingartillögu Þuríðar:



Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að efla orkukerfið á Austurlandi. Brýnt er að auka framboð af grænni orku á viðráðanlegu verði. Of oft hefur Austurland mátt búa við orkuöryggi sem vinnur gegn stefnu og markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum. Einnig skal tryggt að raforkuverð í dreifbýli verði hið sama og í þéttbýli og þá krefst haustþing SSA þess að stjórnvöld jafni flugeldsneytisverð milli flugvalla.

Tillagan er lögð til atkvæðagreiðslu. **Samþykkt með miklum meirihluta. Þrír á móti.**

Rétt er að taka fram að atkvæðagreiðsla fór öll fram rafrænt í gegnum nýtt kosningakerfi.

13:00 Þingslit og hádegisverður

Fundarstjóri þakkaði framkvæmdastjóra og hópstjórum fyrir yfirferðina og bar síðan upp þá tillögu að fundarritara og fundarstjóra yrði falið að ljúka frágangi fundargerðar. Kallaði hann eftir því hvort einhver væri því á móti en svo reyndist ekki vera.

Einnig minnti hann á að myndataka yrði áður en gengið yrði til hádegisverðar.

Fundarstjóri bauð svo formanni að taka við og loka fundinum.

Berglind Harpa, formaður SSA, tók til máls. Þakkaði hún fundarmönnum fyrir fundinn. Einnig þakkaði hún þingforseta og riturum, framkvæmdastjóra ásamt öðru starfsfólki fundarins fyrir þeirra störf. Að því búnu sleit formaðurinn haustþingi SSA árið 2024.

Fundargerð rituðu: Óðinn Gunnar Óðinsson og Sigrún Hólm Þórleifsdóttir.

Undirritunarsíða

Óðinn Gunnar Óðinsson

Björn Ingimarsson